

## Við erum öll almannavarnir

Sönn vinátta er seinvaxinn gróður er góð lýsing á vináttu Bjarna, Ólafs og Kjartans en þeir hafa verið vinir síðan í 1. bekk en eru nú í 9. bekk Sunnuskóla. Þetta eru virkir strákar, þeir æfa fótbolta, spila tölvuleiki og eru duglegir að mæta í félagsmiðstöðina í skólanum. Þessa viku er hinsvegar allt breytt, breytt kennsluform í skólanum og hálfgerð útgöngubann. Allt samfélagið er í uppnámi og skólar eru lokaðir og nemendurnir vinna heima í fjarkennslu vegna samkomubanns sem sett var á hjá almannavörnum til að minnka útbreiðslu Covid-19 veirunnar.

En hvað er Covid-19? Úff, hún er búin að valda miklum vandamálum en skaðlegum áhrifum hennar má best lýsa með málshættinum oft veltir lítil þúfa þungu hlassi. Veiran veldur ýmsum sjúkdómum hjá mönnum og dýrum og breiðist út eins og eldur í sinu. Einkenni veirunnar eru hósti, hiti, þreyta, bein- og vöðvaverkir sem geta valdið alvarlegum veikindum í öndunarfærum með sýkingu og lungnabólgu. Engum blöðum er að fletta um alvarleika hennar en meirihluti fólks verður samt ekki alvarlega veikt af veirunni en aldraðir og einstaklingar með undirliggjandi sjúkdóma eru viðkvæmir fyrir alvarlegum veikindum vegna hennar. Dánartíðni þessa hóps er há. Brennt barn forðast eldinn og því er mikilvægt að vernda þennan hóp og passa að stoppa útbreiðslu veirunnar og tryggja þannig öryggi fólks, sem og minnka álagið á heilbrigðiskerfið. Það er gert með forvörnum eins og auknum handþvotti, sprittnotkun, sóttkví og einangrun hjá smituðum. Strákarnir vita að mikilvægt er að allir sýni samstöðu og fylgi reglum svo árangur náist í baráttunni því allir eru að ganga í gegnum eldraun og öll erum við almannavarnir.

Sóttvarnir varða heilsu einstaklingsins en um leið hag samfélagsins alls þó ekki sé um auðugan garð að gresja. Allt þetta hefur áhrif á daglegt líf fólks en fólki rennur blóð til skyldunnar að vera reiðubúið að ganga fyrir björg manna. Þess vegna var sett á fjögurra vikna samkomubann til þess að útbreiðsla veirunnar minnki. Með samkomubanni er átt við skipulagða viðburði þar sem fleiri en 100 manns koma saman. Við minni mannamót þarf að tryggja að fjarlægð milli manna sé einn til tveir metrar og

aðgengi að handþvotti og handspritti sé gott. Þetta þýðir að flestum viðburðum og kirkjuathöfnum er aflýst, líkt og jarðarförum, fermingum o.þ.h. Það gefur því auga leið að ekki er hægt að sleppa fram af sér beislinu í fjölmennum veisluhöldum þessa dagana en fyrr lægir ljós en lokið er degi.

Samkomubann hefur einnig mikil áhrif á skólahald og allir skólar þurfa að breyta kennsluháttum og/eða minnka kennslu. Með þessum takmörkunum þarf að setja strangar kröfur um fjölda og nálægð nemenda, sem og að koma á fjarkennslu. Bjarni, Ólafur og Kjartan eru að upplifa skrýttinn tíma og breyttar námsaðstæður og þeir vita að mikilvægt er að sýna samstöðu og hamra járníð meðan heitt er.

Þetta tímabil kórónuveirunnar er óskrifað blað en þeir vita að það mun marka mikil tímamót í sögu mannkynsins. Þótt strákunum finnist notalegt að geta verið meira heima þá hverfur skyldan ekki og núna þurfa þeir að sýna staðfestu og skipuleggja sig og læra. Þá er mikilvægt að hafa bein í nefinu því ekki komast þeir upp við að sleppa lærdómnum. Vinirnir eru heppnir að skólinn hefur innleitt spjaldtölvur fyrir hvern nemanda og því eru hæg heimatökin að vinna í fjarnámi og halda fjarfundi með kennurum. Skóladaðarnir þessa vikuna eru því með óformlegum hætti og misjöfn eru morgunverkin þessa dagana. Til þess að brjóta upp dagana þessa vikuna spila vinirnir tölvuleiki online, fara í göngutúra, gera fótboltaæfingar. Þannig ná þeir að spjalla saman en passa að hafa 1-2 metra bil á milli sín.

Það er ekki auðvelt að fyrir strákana að vera vera svona mikið einangraðir heima svo þessi litli félagsskapur er nauðsynlegt uppbrot á deginum. Eftir viku í hálfgerðri sóttkví þá fara strákarnir aftur í skólann, hlakkar þá mikið til að hitta féлага sína og bekkjarsystkini og upplifa vonandi eðlilegra námsumhverfi. Máltækið enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur, hefur sannarlega sannað sig. Mikið verður gott þegar allt verður eins og það var.

Jóhann Ísak Ingimundarson

9. TKL